



Skaftárhreppur, kt. 480690-2069, Klausturvegi 4, 880 Kirkjubæjarklaustri og Björgunarsveitin Stjarnan, kt. 620288-2689, Ljótarstöðum, 881 Kirkjubæjarklaustri, í samningi þessum nefnd Stjarnan, sameiginlega nefndir aðilar, gera með sér svofelldan:

Samning

1. gr.

Markmið:

Skaftárhreppur styrkir Stjórnuna til að halda úti björgunarstarfsemi í Skaftárhreppi.

2. gr.

Skyldur Stjórnunar:

Stjarnan skal standa fyrir áramóta- og/eða þrettándabrennu og flugeldasýningu í Skaftártungu hvert ár.

Halda úti rekstri Stjórnunar með tilheyrandi búnaði í því skyni að auka öryggi íbúa svæðisins.

3. gr.

Skyldur Skaftárhrepps:

Árlegur rekstrarstyrkur til viðhalds, rekstrar, kaupa á búnaði, vegna brennu og flugeldasýningar á gamlárskvöld eða á þrettandanum, að upphæð kr. 500.000 í fjórum greiðslum 1.febrúar, 1.maí, 1.ágúst og 1.nóvember.

Skaftárhreppur skal fella niður árlega, fasteignagjöld af húsnæði, Stjórnunar.

4. gr.

Tengiliðir:

Skaftárhreppur: Sveitarstjóri, hvers tíma.

Stjarnan: Formaður, hvers tíma.

5. gr.

Framsal:

Aðila er óheimilt að framselja réttindi á grundvelli samningsins nema að fengnu skriflegu samþykki gagnaðila.

6. gr.

Ábyrgðartakmarkanir:

Bótaskylda aðila innan samnings þessa takmarkast við beint tjón sem gagnaðili hefur orðið fyrir.



7. gr.

Gildistími:

Samningur þessi gildir 3 ár frá og með undirritun samnings þessa.

8. gr.

Uppsögn og riftun:

Hægt er að segja upp samningi þessum með 3 mánaða fyrirvara. Hvorum aðila er heimilt að rifta samningi þessum ef um verulega vanefndir er að ræða. Riftunin skal vera skrifleg, rökstudd og send gagnaðila með sannanlegum hætti. Riftun skal miðast við næstu mánaðamót eftir að riftunarlýsing hefur verið send. Að öðru leyti gilda almennar reglur kröfuréttarins.

9. gr.

Varnarþing:

Ef upp koma mál vegna ágreinings um framkvæmd samnings þessa sem ekki er mögulegt að leysa með samkomulagi beggja skal reka málið fyrir Héraðsdómi Suðurlands.

Kirkjubæjarklaustri, 3. janúar 2023

*F.h. Skaftárhrepps
Einar Kristján Jónsson
sveitarstjóri*

*F.h. Björgunarsveitarinnar Stjörnunar
Pálmar Atli Jóhannesson
formaður*